



FRÉTTABRÉF

Félags íslenskra fræða

september 2015

Ágætu félagsmenn.

Á haustmisseri 2015 stendur félagið fyrir tveimur rannsóknarkvöldum en að auki er fyrirhugað að halda skáldaskraf í lok nóvember. Erindi flytja dr. Katrín Axelsdóttir, aðjúntkt við Háskóla Íslands og Guðjón Ragnar Jónasson, íslenskufræðingur. Skáldaskraf verður nánar auglýst síðar á heimasíðu félagsins og á Facebook.

**Rannsóknarkvöldin verða á
miðvikudagskvöldum í salnum Hljóðbergi í
Hannesarholti, Grundarstíg 10 (gengið inn frá
Skálholti), og hefjast kl. 20.**

Allir fundir félagsins eru auglýstir sérstaklega í tölvupósti til félagsmanna og á vefsíðu félagsins, auk þess eru tilkynningar sendar fjölmiðlum.

Á aðalfundi félagsins í apríl sl. urðu þær breytingar á stjórn að Soffía Guðný Guðmundsdóttir, fráfarandi formaður, og Anna Kristín Gunnarsdóttir, fráfarandi gjaldkeri, létu af störfum sem og meðstjórnendur Katelín Parsons, Reynir Þór Eggertsson og Viðar Pálsson. Félag íslenskra fræða þakkar þeim mikið og gott starf í þágu félagsins. Nýja stjórn skipa Þórdís Edda Jóhannesdóttir, formaður, Guðrún Steinþórsdóttir, gjaldkeri og Gunnvör Karlsdóttir, ritari. Nýr meðstjórnandi er Kristján Sigurðsson en Yelena Sesselja Helgadóttir gaf áfram kost á sér til stjórnarsetu.

Velkomið er að koma fyrirspurnum eða ábendingum á framfæri við stjórnina. Nöfn og netföng eru:

Þórdís Edda Jóhannesdóttir, formaður	thj11@hi.is
Guðrún Steinþórsdóttir, gjaldkeri	gus26@hi.is
Gunnvör Karlsdóttir, ritari	gunnvork@hi.is

Á heimasíðu FÍF, islensk.fraedi.is, má finna lög félagsins, fundargerðir og fréttabréf. Að auki eru auglýstir viðburðir sem gætu verið áhugaverðir fyrir félagsmenn. Félagið er einnig með síðu á Facebook. Formaður ritstýrir síðunum og tekur við ábendingum og tilkynningum.

Félagar eru beðnir að tilkynna breytt heimilis- eða netfang og láta vita óski þeir að fá fréttabréfið sent eingöngu í tölvupósti.

Rannsóknarkvöld 30. september 2015
Katrín Axelsdóttir: Sögur af orðum.

Á síðasta ári kom út bók Katrínar Axelsdóttur *Sögur af orðum*. Hún fjallar um beygingarþróun nokkurra fallorða sem eiga það sameiginlegt að hafa tekið miklum breytingum frá elsta skeiði. Athugunarefnið eru þessi:

Fornafnið *hvorgi* (nú *hverugur*)
Fornafnið *sjá* (nú *þessi*)
Fornafnið *einnhverr* (nú *einhver*)
Fornöfnin *hvortveggi* og *hvor tveggja*
Fornöfnin *okkar(r)*, *ykkar(r)* og
yð(v)ar(r)
Lýsingarorðið *eigin(n)*

Á grundvelli allmikils efniviðar er reynt að rekja beygingarþróunina og skýra. Í eftirmála er athygli beint að því sem er líkt (og um leið því sem er ólíkt) í beygingarþróun orðanna. Þar er litið á atriði eins og gerðir áhrifsbreytinga, stefnu breytinga, hugsanleg erlend áhrif, tíma, tíðni og mállýskumun.

Í erindinu verður sagt frá tilurð bókarinnar og byggingu, markmiðum, verklagi, sjónarhornum og ýmsum niðurstöðum.

Katrín er doktor í íslenskri málfræði og aðjúnkt við Háskóla Íslands.

Rannsóknarkvöld 28. október 2015

Guðjón Ragnar Jónasson: Hommarnir og helförin.

Mennirnir með bleika þríhyrninginn segir sögu ungs, samkynhneigðs manns í fangabúðum nasista og er frægust þeirra ævisagna sem lýsa hlutskipti homma í Þriðja ríki Hitlers. Maðurinn að baki sögunni hét Josef Kohout. Árið 1939 var hann handtekinn, ákærður fyrir „alvarlegan saurlifnað“ og dæmdur til þrælkunar, einn af þúsundum samkynhneigðra karla sem báru bleikan þríhyrning í fangabúðum nasista. Þar þraukaði hann skelfilega vist í sex ár uns hann fékk frelsi í lok heimsstyrjaldarinnar síðari. Í tvo áratugi safnaði hann kjarki til að sigrast á sársaukanum og segja sögu sína sem loks birtist á prenti árið 1972.

Í fyrirlestrinum fjallar þýðandinn, Guðjón Ragnar Jónasson, um bókina og tilurð hennar. Jafnframt kynnir hann aðra bók um skylt efni, útkomna þýðingu sína á ævisögu þýska læknisins og kynfræðingsins Magnusar Hirschfeld.

Guðjón Ragnar er rithöfundur, þýðandi og íslenskukennari við MR.

Endursendist, ef viðtakandi finnst ekki, til:
Gunnvarar Karlsdóttur,
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum,
Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík